



**Byggðaráð Blönduósþæjar - 53. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 9. mars 2016
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Zophonías Ari Lárusson formaður
Guðmundur Haukur Jakobsson varaformaður
Oddný María Gunnarsdóttir aðalmaður
Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósþæjar

Dagskrá:

- 1. Samband íslenskra sveitarfélaga - fundargerð frá 29. janúar 2016 - 1603007**
Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.
- 2. Samband íslenskra sveitarfélaga - fundargerð frá 26. febrúar 2016 - 1603008**
Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.
- 3. Hafnarsamband Íslands - fundargerð stjórnar dags. 24. febrúar 2016 - 1603006**
Fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands lögð fram til kynningar.
- 4. Fjölbrautarskóli NV - fundargerð frá 22. febrúar 2016 - 1603004**
Fundargerð skólanefndar Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra lögð fram til kynningar.
- 5. Veiðifélag Blöndu og Svartár - fundargerð frá 25. febrúar 2016 - 1602020**
Fundargerð stjórnarfundar Veiðifélags Blöndu og Svartár lögð fram til kynningar.
- 6. Húsfélagið, Hnjúkabyggð 27 - fundargerð dags. 4. mars 2016 - 1603009**
Fundargerð Húsfélagsins að Hnjúkabyggð 27 á Blönduósi lögð fram til kynningar.
- 7. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga - 1603010**
XXX. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið í Grand hóteli í Reykjavík 8. apríl 2016.

Landsþingsfulltrúi Blönduósþæjar er Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar, og mun hann mæta fyrir hönd sveitarfélagsins.
- 8. Styrktarsjóður EBÍ - 1502009**
Vakin er athygli á að einungis aðildarsveitarfélög EBÍ er heimilt að senda inn styrkumsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn eina umsókn.

Lagt fram til kynningar.



9. Boð á ársþing Ungmennasamband Austur - Húnavetninga - 1603005

Sveitarstjórn Blönduósbæjar er boðið á 99. ársþing Ungmennasambands Austur-Húnavetninga sem haldið verður sunnudaginn 13. mars kl. 10:00 á Húnavöllum.

Lagt fram til kynningar.

10. Erindi frá Vilko ehf vegna forkaupsréttar á hlutabréfum - 1603003

Á stjórnarfundum Vilko ehf. sem haldin var 25. febrúar sl. var lagður fram kaupsamningur milli Auðuhumlu svf. og Ámundakinnar ehf. á öllu hlutafé Auðhumlu í Vilko ehf.

Í samþykktum Vilko ehf. kemur fram í 7. gr. að aðrir hluthafar hafi forkaupsrétt á seldum hlutum í hlutfalli við hlutafjareign sína. Óskað er eftir svörum hvort að Blönduósbær hyggist nýta sér forkaupsrétt sinn.

Byggðaráð hyggst ekki nýta forkaupsrétt sinn.

11. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vesta - umsögn vegna leyfis - 1603002

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Atla Þór Gunnarssonar kt. 030682-5489, Mánaskál 541 Blönduósi f.h. Orkunýtingar ehf. kt. 680312-0360 um leyfi til að reka gististað í flokki II. að Sturluhóli 541 Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir byggðaráð jákvæða umsögn.

12. Ljósleiðaravæðing í dreifbýli - 1603011

Lagt fyrir fundinn drög að hönnun á ljósleiðara í dreifbýli Blönduósbæjar sem unnin var í samstarfi og samhliða hönnun á ljósleiðaratengingu í Húnavatnshreppi.

Sveitarstjóra er falið að vinna áfram að framgangi málsins.

13. Önnur mál - 1506021

1) Erindi frá Ámundakinn ehf. (1509018)

Ámundakinn ehf. gerir tilboð í eignarhlut Blönduósbæjar í Tækifæri hf. Blönduósbær hefur nú þegar tekið tilboði KEA svf. í hlut Blönduósbæjar í Tækifæri hf. Byggðaráð samþykkir að andvirði þeirrar sölu verði ráðstafað til kaupa á hlutabréfum í Ámundakinn ehf.



Byggðaráð

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00

Zophonías Ari Lárusson

Guðmundur Haukur Jakobsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Arnar Þór Sævarsson
